

Heimaskólar

Menntavísindasvið Háskóla Íslands gerir [samstarfssamning](#) við ákveðna leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samstarf þessara aðila er tvíþætt og felur annars vegar í sér að samstarfsskólinn tekur að sér að vera heimaskóli ákveðins hóps kennaranema og hins vegar samstarf um skólaþróun og kennaramenntun almennt þar sem lögð er áhersla á gagnkvæman ávinning og faglegt námssamfélag.

Heimaskóli tekur að sér að taka þátt í menntun ákveðins hóps kennaranema allan námstímann eða a.m.k. stóran hluta hans. Kennaranemar fá leyfi og aðstöðu í skólanum til að sinna verkefnum sem tengjast vettvangsnáminu. Um getur verið að ræða heimsóknir af ýmsu tagi, athuganir á skólastarfi, þátttöku í undirbúningi og framkvæmd skólastarfs, o.fl.

Á fyrsta misseri í námi hvers kennaranema er honum úthlutaður heimaskóli. Alla jafna er miðað við að kennaranemi hafi sama heimaskólann allan námstímann en ákveðinn sveigjanleiki er þó nauðsynlegur t.d. ef viðkomandi heimaskóli getur ekki veitt nemandan faglega leiðsögn á tilteknum sviðum. Þar sem leikskólar eru ólíkir grunnskólum hvað varðar stærð og skipulag þá skipta leikskólakennaranemar um heimaskóla á þriðja ári. Hver og einn heimaskóli segir til um þann fjölda kennaranema sem hann er tilbúinn að taka að sér, og ræðst það m.a. af stærð viðkomandi skóla.

Við val á heimaskóla er eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- sérstakur áhugi eða áherslur kennaranema í námi,
- óskir kennaranema um staðsetningu heimaskóla ef mögulegt er.

Námssamningur

- Í upphafi námstíma gera kennaranemi og heimaskóli (tengiliður) með sér sérstakan [námssamning](#) sem fjallar m.a. um réttindi, skyldur og form á samskiptum, umgengisreglur og námsmat.
- Kennaranemi í vettvangsnámi er bundinn þagnarskyldu um allt er varðar börn og fjölskyldur þeirra, skólann og það sem snýr að málum einstakra starfsmanna.
- Framgangur nema er trúnaðarmál æfingakennara, leikskólastjóra, kennaranema og kennara Menntavísindasviðs. Gagnkvæmur trúnaður skal haldinn þó nemandi hafi lokið námi. Tengiliðir eru hvattir til að ræða þær reglur sem ríkja varðandi trúnað í leikskólanum. Undirritun námssamnings felur jafnframt í sér þagnarskyldu um allt er varðar málefni leikskólans og einstaklinga innan hans.

Verkefni á vettvangi

Verkefni á vettvangi eru hluti af námi kennaranemans og eru fléttuð inn í fræðileg námskeið. Verkefnin eru ný áskorun fyrir nemann og mikilvægt er að innihald þeirra sé ákveðið í samstarfi allra þeirra sem að vettvangsnámi koma.

Kennarar á Menntavísindasviði bera ábyrgð á að þau tengist viðfangsefni viðkomandi námskeiðs, kennaraneminn tengir það við sitt eigið áhugasvið og færni og kennarar á vettvangi leitast við að finna verkefnunum farveg innan skólastarfsins. Samhliða verkefnum frá háskóla er mikilvægt að æfingakennari feli nema verkefni og störf sem reyna á þekkingu hans og færni til að takast á við leikskólakennarastarfið.